

SKÓLARÁÐSFUNDUR Í NORÐLINGASKÓLA

Föstudagur 7. nóv. 2025 kl. 8:30

Dagskrá

- Foreldrasamstarf - bekkjarfulltrúastarf
- Skólastarfið – líðandi stund
- Jólaskólinn
- Önnur mál

Mættir:

Skólinn: Aðalbjörg Ingadóttir, ritari fundarins.

Fyrir hönd kennara: Guðrún Sveinbjörnsdóttir og Helga Bogadóttir.

Fyrir hönd foreldra: Hulda Gísladóttir og Sara Dögg Johansen varamaður.

Fyrir hönd nemenda: Benedikt Óli Árnason.

Fyrir hönd grenndarsamfélags: Arna Hrönn Aradóttir.

Fyrir hönd starfsmanna: Arnar Snær Magnússon.

Fjarverandi: Helgi Rafn Jósteinsson ritari fundarinn, Erna Dís Gunnþórsdóttir fulltrúi foreldra, Aron Breki Adolfsson fulltrúi nemenda.

Foreldrasamstarf - bekkjarfulltrúastarf

Fulltrúar foreldra í skólaráði greindu frá helstu niðurstöðum fundar stjórnar foreldrafélagsins með stjórnendum um bekkjarfulltrúastarfið en á þeim fundi var einnig Dagbjört Þorsteinsdóttir verkefnastjóri um foreldrasamstarf hjá Reykjavíkurborg. Á fundinum var farið yfir hlutverk stjórnar foreldrafélags og foreldrafélagsins og samstarf við skólann. Ræddar voru leiðir til að virkja bekkjarfulltrúastarfið en enn vantar fulltrúa í nokkra árganga. Rætt var m.a. um að stjórn foreldrafélagsins sendi hvatningarpóst til forráðamanna þar sem stjórnin kynnti sig og í hverju hlutverk bekkjarfulltrúa væri fólgið. Þá var ákveðið að halda bekkjarfulltrúafund með öllum bekkjarfulltrúum í lok nóvember og fá Dagbjörtu til að kynna hlutverk bekkjarfulltrúa, hugmyndir að viðburðum sem hægt er að gera með nemendum og foreldrum og kynna farsældarsáttmála foreldra sem bekkjarfulltrúar í hverjum árgangi geta nýtt til að vinna að samstöðu innan foreldrahópsins. Þá var rætt um að virkja Fb-síðu foreldrafélagsins betur með því að gera störf stjórnarinnar og bekkjarfulltrúastarfið sýnilegra þar. Fulltrúi grenndarsamfélags ræddi um mikilvægi þess að foreldrafélagið sameinaðist um öfluga forvarnavinnu með krakkana í hverfinu og í því sambandi ræddu fulltrúar um vaxandi vándrykkju ungmenna sem væri mikið áhyggjuefni.

Skólastarfið – líðandi stund

Í forvarnaviku 3. -7. nóv og í tilefni af baráttudegi gegn einelti 8. nóv. fór skólastjóri og náms-og starfsráðgjafi inn í alla árganga með stutta fræðslu um skilgreiningu á einelti og leiðir til að vinna á því. Leiklistin, Skrekkur í unglingadeild og leiksýningin Dýrin í Hálsaskógi í 7. bekk, hefur verið hápunktur í október og nóvember og hefur mjög jákvæð áhrif á félagsþroska nemenda og skólabraginn. Greint var frá skólabraginu sem komin er af stað þar sem kennarar eru að vinna með gátlista um gæði kennslu við skipulag náms – og kennslu undir handleiðslu sérfræðings á sviði kennslufræða. Þá sagði skólastjóri frá samstarfi kennara á miðstigi við foreldra, félagsmiðstöðina og

ráðgjafa frá Austurmiðstöð um félagsfærnivinnu í einum árgangi á miðstigi sem skilar jákvæðum árangri. Skólastjóri sagði frá áætlun skóla-og frístundasviðs um líkamlegt inngrip starfsmanna þegar hætta stafar af hegðun nemenda og umræður spunnust um vinnu starfsmanna við að framfylgja henni og örðum verkferlum sem snúa að agamálum.

Jólaskóli

Skólastjóri greindi frá umræðu um jólaskólann sem fór fram á fundinum með stjórn foreldrafélagsins og beiðni stjórnenda um samvinnu foreldrafélagsins við að koma seríunum upp en uppsetning á seríum er grundvöllur fyrir því að skólinn geti haldið jólaskólann í Björnslandi. Á skólaráðsfundinum var tekið vel í að koma að samstarfi milli foreldra í leikskólanum og foreldra í skólanum um að koma Lundinum í jólabúning því það stuðlaði að jákvæðum hverfisbrag. Ákveðið var að fulltrúi foreldra í skólaráði hefði samband við stjórn foreldrafélags leikskólans til að fá fulltrúa úr þeim foreldrahópi með nokkrum foreldrum úr skólanum til að setja seríurnar upp. Húsvörður skólans, skólastjóri og fulltrúi grenndarsamfélags ætla að kortleggja stöðuna á framkvæmdinni og svo verður hópurinn kallaður til að setja ljósinn upp. Tímasetning þarf að vera um helgi.

Önnur mál

Ekki voru önnur mál til umræðu.

Fundi slitið um kl. 9:30